



HRUNAMANNAHREPPUR

**45. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2014 – 2018 1. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 11. JANÚAR 2018
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM**

Árið 2018, þann 11. janúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Brú Lífeyrissjóður: Uppgjör til A-deildar.
2. Kópsvatnsholan. Rafmagnsframleiðsla.
3. Samstarfssamningur um sameiginlegan seyrurekstur.
4. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna rekstarleyfis á Grund.
5. Viðbragðsáætlun Almanna- og Almanna: Samfélagsleg áföll, langtímaviðbrögð Hrunamannahrepps.
6. Lögmenn Suðurlandi: Ásastígur 4A, forkaupsréttur.
7. Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga.
8. Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur).
9. Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir.
10. Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
11. Velferðarvaktin. Aðgerðir til að auka hlutfall nemenda sem ljúka framhaldsskólanámi.
12. Högnastaðaás: Verslunar- og þjónustuvæði.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

13. Veitustjórn: Fundargerð 22. fundar nefndarinnar frá 8. janúar s.l. -liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

14. Fundargerð 146. fundar Skipulagsnefndar frá 7. desember s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 29. nóvember s.l.
Mál nr. 16: Skýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.
Mál nr. 17: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
15. Fundargerð 147. fundar Skipulagsnefndar frá 21. desember s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 13. desember s.l.
Mál nr. 21: Kópsvatn 1. Deiliskipulag vegna borholu.
Mál nr. 22: Grund. Bygging þriggja smáhýsa. Fyrirspurn.
Mál nr. 23: Vernd og endurheimt votlendis. Álit Sambands íslenskra sveitarfélaga og skipulagsnefndar.
Mál nr. 24: Aðalskipulag Rangárbings Ytra. Umsagnarbeiðni.
Mál nr. 25: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
16. Fundargerð 148. fundar Skipulagsnefndar frá 11. janúar s.l. -liggur fyrir á fundinum-
17. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 25. fundar frá 5. desember s.l.
18. Fundargerð oddvitanevndar Uppsveita frá 20. desember s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 262. fundar stjórnar frá 14. desember s.l.

- b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð félagafundar Sorpstöðvar frá 15. desember s.l.
- c. Tónlistarskóli Árnesinga. Fundargerð 186. fundar fagráðs frá 4. desember s.l.
- d. Almannaþingin Árnessýslu: Fundargerð 25. fundar frá 18. desember s.l.
- e. SASS: Fundargerð 527. Fundar stjórnar frá 7. desember s.l.
- f. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: fundargerð 183. fundar frá 15. desember s.l.
- g. Bergisinn bs.: Fundargerð 28. fundar stjórnar frá 19. september s.l.
- h. Bergisinn bs.: Fundargerð 29. fundar stjórnar frá 19. október s.l.
- i. Bergisinn bs.: Fundargerð 30. fundar stjórnar frá 20. nóvember s.l.

Kynningarmál:

- j. Skeiða- og Gnúverjahreppur: Íþróttasamstarf.
- k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Staða landsbyggða í Evrópu- þróun og ábendingar um stefnumótun og úrræði.
 - l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 855. fundar stjórnar frá 15. desember s.l.
- m. Rannsóknarsetur Háskóla Íslands: Skýrsla um mat á umfangi víðerna á miðhálandinu.
- n. Landgræðsla Íslands: Vernd og endurheimt votlendis á Íslandi, lykilhlutverk sveitarfélaga.

Fundir framundan:

- o. DMP fundur á Flúðum 17. janúar n.k.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Brú Lífeyrissjóður: Uppgjör til A-deildar.**
Oddviti kynnti uppgjör Hrunamannahrepps til A-deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Jafnframt lágu fyrir drög að samkomulagi um uppgjör milli Hrunamannahrepps og Brúar lífeyrissjóðs vegna skuldbindinga Hrunamannahrepps og Hitaveitu Flúða sem nema samtals kr. 106.246.234. Skiptast skuldbindingarnar þannig að kr. 31.982.324 er vegna jafnvægisjóðs, kr. 67.050.424 vegna lífeyrisauka og kr. 7.213.486 vegna varúðarsjóðs. Sveitarstjórn samþykkir samkomulagið og felur sveitarstjóra að undirrita það með fyrirvara um forsendur útreikningsins og felur sveitarstjóra að leita hagkvæmstu leiða við fjármögnun. Jafnframt þarf að gera viðauka við fjárhagsáætlun vegna þessa.
2. **Kópsvatnsholan. Rafmagnsframleiðsla.**
Oddviti kynnti samning milli Hrunamannahrepps, Hitaveitu Flúða og Flúðaorku ehf um vatnssölu o.fl. vegna rafmagnsframleiðslu úr Kópsvatnsholunni. Jafnframt var farið yfir samninga vegna eignarhluta í Flúðaorku ehf. Sveitarstjórn samþykkir samningana og felur sveitarstjóra/oddvita að undirrita þá.
3. **Samstarfssamningur um sameiginlegan seyrurekstur.**
Oddviti kynnti samstarfssamning um sameiginlegan seyrurekstur milli sveitarfélagana Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Flóahrepps og Ásahrepps. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra/oddvita að undirrita hann.
4. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni vegna rekstarleyfis á Grund.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstarleyfi vegna sölu gistingar á Grund. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
5. **Viðbragðsáætlun Almannaþinginnar: Samfélagsleg áföll, langtímaviðbrögð Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti viðbragðsáætlun sem Almannaþinginnar vegna langtímaviðbragða vegna samfélagslegra áfalla í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir áætlunina og þakkar almannaþinginni og starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir góða vinnu við gerð áætlunarinnar. Áætlunin verður síðan aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins.
6. **Lögmenn Suðurlandi: Ásastígur 4a, forkaupsréttur.**
Oddviti kynnti beiðni frá Lögmönnum Suðurlandi þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásastíg 4a skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá

forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásastíg 4a í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4099 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.

7. **Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga frá nefndarsvið Alþingis um tekjustofna sveitarfélaga.

8. **Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningaldur).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga frá nefndarsvið Alþingis um kosningar til sveitarstjórna. Þar er gert ráð fyrir að færa kosningaldur í sveitarstjórnarkosningum niður úr 18 árum í 16 ár. Sveitarstjórn samþykkir að senda erindið til Ungmennaráðs Hrunamannahrepps til umfjöllunar.

9. **Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga frá nefndarsvið Alþingis um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Þá liggur einnig fyrir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Sveitarstjórn tekur undir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

10. **Nefndarsvið Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um frumvarp til laga frá nefndarsvið Alþingis um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá liggur einnig fyrir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Sveitarstjórn tekur undir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

11. **Velferðarvaktin. Aðgerðir til að auka hlutfall nemenda sem ljúka framhaldsskólanámi.**

Oddviti kynnti erindi frá Velferðarvaktinni um aðgerðir til að auka hlutfall nemenda sem ljúka framhaldsskólanámi. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og vísar jafnframt málinu til skólanefndar og Ungmennaráðs Hrunamannahrepps til kynningar.

12. **Högnastaðaás: Verslunar- og þjónustusvæði.**

Oddviti ræddi um svæði upp á Högnastaðaás sem hefur verið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði í endurskoðuðu aðalskipulagi Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa eftir samstarfsaðila vegna uppbyggingar á þessu svæði.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

13. **Veitustjórn: Fundargerð 22. fundar nefndarinnar frá 8. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 22. fundar frá 8. janúar s.l. Sveitarstjóri kynnti vatnssölusamning við Flúðaorku ehf, lóðaleigusamning vegna Kópsvatnsholunnar og deiliskipulag vegna svæðisins, erindi frá Árbæ, erindi frá Bláskógabyggð vegna fyrirhugaðar vatnsveitu frá Fljótsbotnum, skuldbindingar vegna Brúar lífeyrissjóðs og notkun á köldu vatni vegna ársins 2017. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

14. **Fundargerð 146. fundar Skipulagsnefndar frá 7. desember s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 29. nóvember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 146. fundar skipulagsnefndar frá 7. desember s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 16: Skýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Lögð fram skýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnu þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Mál nr. 17: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. nóvember s.l.

15. **Fundargerð 147. fundar Skipulagsnefndar frá 21. desember s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 13. desember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 147. fundar skipulagsnefndar frá 21. desember s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. desember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 21: Kópsvatn 1. Deiliskipulag vegna borholu.

Lögð fram til kynningar tillaga að 1,8 ha borholusvæði í landi Kópsvatns sem nær utan um núverandi heitavatnsholu. Í skipulaginu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir borholuhús og húsi vegna rafmagnsframleiðslu.

Mál nr. 22: Grund. Bygging þriggja smáhýsa. Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn eiganda lóðarinnar Grund á Flúðum um hvort heimilt verði að byggja þrjú ca. 25 m² gistihús á lóðinni.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að skilmálar gildandi deiliskipulags geri ekki ráð fyrir að byggð verði stök gistihús á lóð Grundar. Breyting á deiliskipulagi sé því forsenda fyrir því að heimilt verði að byggja gistihús í samræmi við fyrirspurnina. Sveitarstjórn telur það óheppilega þróun að heimila byggingu smáhýsa í miðkjarna Flúða og leggst því gegn því að deiliskipulagi verði breytt á þann hátt sem fyrirspurnin byggist á.

Mál nr. 23: Vernd og endurheimt votlendis. Álit Sambands íslenskra sveitarfélaga og skipulagsnefndar.

Lögð fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um bókun stjórnar Sambandsins vegna verndar og endurheimt votlendis.

Mál nr. 24: Aðalskipulag Rangárþings Ytra. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram til umsagnar tillaga að endurskoðun aðalskipulags Rangárþings Ytra 2016-2028.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að gera ekki athugasemdir við aðalskipulagstillöguna með fyrirvara um að fara þarf yfir að sveitarfélagsmörk séu í samræmi við afmörkun markanna í aðalskipulagi aðliggjandi sveitarfélaga.

Mál nr. 25: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. desember s.l.

16. **Fundargerð 148. fundar Skipulagsnefndar frá 11. janúar s.l.**

Oddviti kynnti 148. fundar skipulagsnefndar frá 11. janúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 12: Kópsvatn 1. Ný borholulóð: Deiliskipulag.

Lögð fram endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 2 ha svæðis úr landi Kópsvatns, utan um núverandi heitavatnsborholu. Í tillögunni er afmörkuð um 1,3 ha lóð auk byggingarreitar þar sem heimilt verður að byggja aðstöðuhús, borholuhús og hús fyrir rafala, samtals allt að 500 fm

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 13: Kotlaugar. Umsókn um byggingarleyfi fyrir starfsmannahús.

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir 53,2 m² starfsmannahúsi á jörðinni Kotlaugum en um er að ræða frístundahús sem flutt verður frá lóðinni Ásabyggð 43.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að vísa afgreiðslu málsins til byggingarfulltrúa með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og umsögn Minjastofnunar. Sigurður Sigurjónsson víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

Mál nr. 14: Kotlaugar. Umsókn um byggingarleyfi fyrir ferðapjónustuhús.

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir 53,2 m² ferðapjónustuhúsi á jörðinni Kotlaugum en um er að ræða frístundahús sem flutt verður frá lóðinni Ásabyggð 41.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að vísa afgreiðslu málsins til byggingarfulltrúa með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og umsögn Minjastofnunar. Sigurður Sigurjónsson víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

Mál nr. 15: Garðastígur 8. Garðastígur 8B. Ný lóð fyrir smáíbúðir. Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram lagfærð tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóðarinnar Garðastíg 8 á Flúðum. Í breytingunni felst að afmörkuð er ný 10.773 m² lóð, Garðastígur 8B, nyrst á núverandi lóð þar sem heimilt verður að byggja allt að 10 starfsmannahús með 2-4 íbúðum í hverju húsi. Er gert ráð fyrir að húsin geti verið á bilinu 70-150 m² að stærð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur að það samrýmist ekki aðalskipulagi að gera ráð fyrir 20 til 40 íbúðum á landbúnaðarsvæði. Miðað við umfangið þyrfti svæðið að vera skilgreint sem íbúðarsvæði og þá þyrfti að gera grein fyrir uppbyggingu lóðarinnar með nákvæmari hætti, t.d. með tilliti til fráveitu, númerum húsa, bílastæðum o.fl.

Mál nr. 16: Hrunamannafréttur. Kerlingarfjöll, framkvæmdaleyfi vegna merkinga á gönguleiðum.

Lögð fram umsókn Fannborgar um framkvæmdaleyfi vegna merkingu gönguleyfa í Kerlingarfjöllum. Í því felst að lagfæra og endurnýja núverandi stiklur, bera jarðveg í slóða og setja upp nýjar stikur og merkingar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemdir við að gefið verði út framkvæmdaleyfi fyrir merkingu gönguleiða.

Mál nr. 18: Drög að lagafrumvarpi um lögheimili.

Lagt fram til kynningar frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um lögheimili og aðsetur.

Sveitarstjórn tekur undir skoðun skipulagsnefndar og leggst gegn ákvæðum um lögheimilisskráningu í frístunda- og iðnaðarhúsnæði.

Mál nr. 19: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. janúar s.l.

17. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfna: Fundargerð 25. fundar frá 5. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 25. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var lögð fram til kynningar ársskýrsla Bergrisans um málefni fatlaðs fólks 2016, lykiltölur leik- og grunnskóla 2016 kynntar og fjallað um trúnaðarmál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

18. Fundargerð oddvitanefndar Uppsveita frá 20. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð oddvita frá 20. desember s.l. Þar var farið yfir erindi Ásahrepps um aðkomu að samstarfi um Seyrustaði og drög að samningi um fjárfestingu og rekstur á Seyrustöðum og kaupum og rekstri á bíl til losunar á seyru. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 262. fundar stjórnar frá 14. desember s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð félagafundar Sorpstöðvar frá 15. desember s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Tónlistarskóli Árneshöfna. Fundargerð 186. fundar fagráðs frá 4. desember s.l.

Lagt fram til kynningar.

d. Almannaþingir Árneshöfna: Fundargerð 25. fundar frá 18. desember s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. SASS: Fundargerð 527. Fundar stjórnar frá 7. desember s.l.

Lagt fram til kynningar.

f. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: fundargerð 183. fundar frá 15. desember s.l.

Lagt fram til kynningar.

g. Bergrísinn bs.: Fundargerð 28. fundar stjórnar frá 19. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

h. Bergrísinn bs.: Fundargerð 29. fundar stjórnar frá 19. október s.l.

Lagt fram til kynningar.

i. Bergrísinn bs.: Fundargerð 30. fundar stjórnar frá 20. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

j. Skeiða- og Gnúverjahreppur: Íþróttasamstarf.

Lagt fram til kynningar.

k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Staða landsbyggða í Evrópu- þróun og ábendingar um stefnumótun og úrræði.

Lagt fram til kynningar.

l. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 855. fundar stjórnar frá 15. desember s.l.

Lagt fram til kynningar.

m. Rannsóknarsetur Háskóla Íslands: Skýrsla um mat á umfangi víðerna á miðhálandinu.

Lagt fram til kynningar.

n. Landgræðsla Íslands: Vernd og endurheimt votlendis á Íslandi, lykilhlutverk sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

o. DMP fundur á Flúðum 17. janúar n.k.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17.05.